

Matvælaráðuneytið, aðalskrifstofa

04 101

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Matvælaráðuneytið, aðalskrifstofa

kt. 710812-0120

Skúlagötu 4, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Matvælaráðuneytið, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 16 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 965,4 milljónir og afkoma kr. 3,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 73,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 194,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárákaldögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Matvælaráðuneytis, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Matvælaráðuneytis, aðalskrifstofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Anna María Urbancic
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	926.300.000	1.216.600.000
Seld þjónusta		0	14.436.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	26.663.348	18.706.082
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.457.383	11.817.237
Tekjur samtals		965.420.731	1.261.559.319
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	744.821.041	1.006.758.367
Framlög og tilfærslur	5	0	4.079.343
Annar rekstrarkostnaður	6	204.975.775	282.174.294
Afskriftir	7	12.457.383	11.817.237
Gjöld samtals		962.254.199	1.304.829.241
Afkoma fyrir fjármagnsliði		3.166.532	(43.269.922)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(59.430)	(74.833)
		(59.430)	(74.833)
Afkoma ársins		3.107.102	(43.344.755)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(192.898)	(42.665.412)
Rekstrartilfærslur		3.300.000	(679.343)
		3.107.102	(43.344.755)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		42.931.634	46.904.964
Aðrar eignir		561.921	606.320
Fastafjármunir samtals		<u>43.493.555</u>	<u>47.511.284</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		3.419.257	1.783.814
Tengdir aðilar	9	161.146.921	172.889.788
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		(13.237.344)	59.504
Handbært fé		81.365	432.456
Veltufjármunir samtals		<u>151.410.199</u>	<u>175.165.562</u>
Eignir samtals		<u>194.903.754</u>	<u>222.676.846</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		73.354.192	70.247.090
Eigið fé samtals		<u>73.354.192</u>	<u>70.247.090</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	22.695.848	700.810
Viðskiptaskuldir		7.778.543	9.461.478
Ýmsar skammtímaskuldir	11	70.942.630	115.045.544
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	20.132.541	27.221.924
Skuldir samtals		<u>121.549.562</u>	<u>152.429.756</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>194.903.754</u>	<u>222.676.846</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		3.107.102	(43.344.755)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	12.457.383	11.817.237
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.457.383)	(11.817.237)
		<u>3.107.102</u>	<u>(43.344.755)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		11.661.405	(1.804.032)
Tengdir aðilar		30.666.251	38.110.111
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(45.785.849)	7.389.387
		<u>(3.458.193)</u>	<u>43.695.466</u>
		<u>(351.091)</u>	<u>350.711</u>
		<u>Handbært fé frá rekstri</u>	<u>350.711</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(8.439.654)	(29.230.292)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		68.000	45.000
		<u>(8.371.654)</u>	<u>(29.185.292)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		3.071.654	20.485.292
Fjárfestingarframlag		5.300.000	8.700.000
		<u>8.371.654</u>	<u>29.185.292</u>
		<u>(351.091)</u>	<u>350.711</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(351.091)</u>	<u>350.711</u>
Handbært fé í byrjun árs		432.456	81.745
		<u>81.365</u>	<u>432.456</u>
		<u>Handbært fé í árslok</u>	<u>432.456</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Aðrar eignir 10 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	926.300.000	1.216.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.457.383	11.817.237
	<u>938.757.383</u>	<u>1.228.417.237</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.222.600.000	3.300.000	0	1.225.900.000
Fjáraukalög	(304.400.000)	0	0	(304.400.000)
Launabætur	4.800.000	0	0	4.800.000
Fjárveiting til tekna	923.000.000	3.300.000	0	926.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(923.192.898)	0	0	(923.192.898)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(192.898)	3.300.000	0	3.107.102

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	3.452.993	180.000
Kostnaðarhlutdeild	0	8.065.414
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	21.943.968	8.951.564
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	1.509.104
Ýmsar tekjur	1.266.387	0
	<u>26.663.348</u>	<u>18.706.082</u>

	2022	2021
4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	588.521.877	805.073.199
Orlof, breyting	7.416.680	14.177.734
Launatengd gjöld	139.833.379	179.408.381
Starfsmannakostnaður	9.049.105	8.099.053
	<u>744.821.041</u>	<u>1.006.758.367</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	49,6	68,5
------------------------------	------	------

	2022	2021
5 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	0	4.079.343
	<u>0</u>	<u>4.079.343</u>

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.057.826	2.674.380
Ýmis tæki og áhöld	2.987.704	7.451.965
Orkugjafir	245.007	322.444
Matvæli	6.957.429	8.123.448
Almennar rekstrarvörur	1.090.358	1.066.730
Vörukaup, almenn	<u>12.338.324</u>	<u>19.639.800</u>

Skýringar

Kennslu- og fündurvörur	128.769	78.232
Ýmsar sérgreindar vörur	144.900	39.526
Vörukaup, sérgreind	273.669	117.758
Fundir, námskeið, risna	4.496.394	2.602.994
Ferðir, uppihald	31.431.446	9.514.876
Akstur	670.640	1.333.960
Sérfræðiþjónusta	12.919.869	47.872.945
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	120.237	124.312
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	14.267.772	18.477.867
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.419.217	5.337.221
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	66.325.575	85.264.175
Samningsbundin kaup og leiga	83.700	0
Afnotagjöld	9.978.836	14.769.669
Leigugjöld	60.545.973	88.565.675
Notkun véla og flutningatækja	3.676.227	109.711
Verkkaup	8.419.299	15.656.819
Kostnaðarhlutdeild	43.299.172	58.050.687
Opinber gjöld	35.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	126.038.207	177.152.561
Annar rekstrarkostnaður samtals	204.975.775	282.174.294
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.412.984	11.772.838
Aðrar eignir	44.399	44.399
	12.457.383	11.817.237

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	42.931.634	46.904.964
Aðrar eignir	561.921	606.320
	<u>43.493.555</u>	<u>47.511.284</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	117.808.535	944.004	118.752.539
Viðbætur á árinu	8.439.654	0	8.439.654
Selt/úrelt á árinu	(215.519)	0	(215.519)
	<u>126.032.670</u>	<u>944.004</u>	<u>126.976.674</u>
Afskriftir 01.01.2022	70.903.571	337.684	71.241.255
Afskrift ársins	12.412.984	44.399	12.457.383
Selt/úrelt á árinu	(215.519)		(215.519)
	<u>83.101.036</u>	<u>382.083</u>	<u>83.483.119</u>
Staða 31.12.2022	<u>42.931.634</u>	<u>561.921</u>	<u>43.493.555</u>

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	133.584.465	169.788.272
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	27.562.456	3.101.516
	<u>161.146.921</u>	<u>172.889.788</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	22.695.848	700.810
	<u>22.695.848</u>	<u>700.810</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	70.247.090	113.591.845
Afkoma ársins	3.107.102	(43.344.755)
Jöfnuður 31.12.	<u>73.354.192</u>	<u>70.247.090</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Skýringar

Ógreitt orlof	74.942.630	114.610.259
Önnur ógreidd gjöld	(4.000.000)	435.285
	<u>70.942.630</u>	<u>115.045.544</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	43.493.555	47.511.284
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(23.361.014)	(20.289.360)
	<u>20.132.541</u>	<u>27.221.924</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	47.511.284	(20.289.360)	27.221.924
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.300.000	5.300.000
Áhrif seldra eigna	0	68.000	68.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.439.654	(8.439.654)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(12.457.383)</u>	<u>0</u>	<u>(12.457.383)</u>
	<u>43.493.555</u>	<u>(23.361.014)</u>	<u>20.132.541</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 9,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði. Greiðslur vegna húsaleigusamnings munu nema kr. 51,7 milljónir árið 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.